



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félags- og vinnumarkaðráðuneytið
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Reykjavík 16. ágúst 2022

2009268SA KB/bg
Málalykill: 02.10

Efni: Umsögn um öryggisþjónustu – kortlagning, greining og stefna, mál nr. S-99/2022 og öryggisþjónustu – frumvarp um öryggisráðstafanir og öryggisvistun, mál nr. S-100/2022

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 15. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um annars vegar öryggisþjónustu – kortlagning, greining og stefna og hins vegar öryggisþjónustu – frumvarp um öryggisráðstafanir og öryggisvistun. Sambandið skrifar eina umsögn um bæði þessi mál þar sem um tengd mál er að ræða og ábendingar sambandsins eru að einhverju leyti samhljóða varðandi bæði drög að stefnu og drög að frumvarpi.

Almennt

Um er að ræða stefnu um öryggisþjónustu við fullorðna einstaklinga með fjölbættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir. Annars vegar er um að ræða kortlagningu, greiningu og mat á kostum og hins vegar stefnu og áætlun. Á grundvelli stefnunnar eru einnig lögð fram drög að frumvarpi um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar. Hér á landi hafa ekki verið til heildstæð lög um framkvæmd öryggisráðstafana sem menn kunna að vera dæmdir til að sæta þegar ljóst er að viðkomandi aðili telst ósakhæfur og það ekki talið bera árangur að refsa vegna þess ástands. Hefur þetta orðið til þess að einstaklingar hafa „týnst í kerfinu“ og ábyrgðarskil milli ríkis og sveitarfélaga eru óljós. Með stefnu um öryggisþjónustu ásamt umræddu lagafrumvarpi er reynt að bæta úr því ástandi og tryggja þannig viðkomandi einstaklingum viðeigandi úrræði og bæta úr gráum svæðum í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Sambandið tekur heilshugar undir markmið stefnunnar og frumvarpsins og telur mikilvægt að þessari vinnu sé hraðað eins og kostur er. Um er að ræða viðkvæman hóp einstaklinga þar sem öryggisráðstafanir og öryggisvistun hefur bein áhrif á mannréttindi þeirra og því nauðsynlegt að hafa skýra lagaumgjörð og leikreglur.

Mikilvægt er einnig að strax sé hafist handa við gerð lagafrumvarps til að breyta lögræðislögum og hugsanlega öðrum lögum svo hægt sé að dæma einstakling sem hefur notið þjónustu sveitarfélags á grundvelli laga nr. 38/2018 um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir til öryggisvistunar á grundvelli lagaheimildar. Lagafrumvarp þetta verður að fara fyrir þing veturinn 2022-2023 svo þessi hópur einstaklinga verði ekki skilinn eftir í óljósu lagaumhverfi með tilheyrandi óvissu og óöryggi fyrir viðkvæma einstaklinga.

Sambandið vill þó koma á framfæri eftirfarandi ábendingum um hvað betur má fara bæði í drögum að stefnu og drögum að frumvarpi.

Ábendingar sem eiga við um bæði drög að stefnu og drög að frumvarpi

a) Orðið öryggisþjónusta

Sambandið telur ekki skynsamlegt að nota orðið öryggisþjónusta sem samheiti yfir þjónustu eða ráðstafanir sem fólgnar eru í framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar. Hugtakið öryggisþjónusta er mjög misvísandi enda er það óskoruð meginregla í íslenskum rétti að þjónusta sé einungis veitt samkvæmt umsókn einstaklings og að hans vali. Engin rök standa til þess að hægt sé að dæma eða úrskurða einstakling til þess að vera viðtakandi þjónustu sem hann vill ekki þiggja og er byggð á þvingun. Að mati sambandsins hefði orðið öryggisráðstafanir frekar átt að vera samheiti og finna annað orð yfir öryggisráðstafanir eins og þær eru skilgreindar í frumvarpinu og stefnu.

b) Fjármögnun

Fjallað er um fjármögnun í I. kafla um kortlagningu – greiningu - kosti, í II. kafla um stefnu og áætlun en einnig í drögum að frumvarpi að lögum um öryggisráðstafanir og öryggisvistun. Í stefnunni og frumvarpinu má finna samhljóm þar sem fram kemur að kostnaður við batamiðaða þjónustu í öryggisgæslu greiðist af ríkinu en sé einstaklingur með SIS-A mat þá greiði Jöfnunarsjóður sveitarfélaga svokallað SIS-A framlag með einstaklingnum. En í skjalinu kortlagning – greining – kostir kemur síðan fram að hugsanlega komi einnig til fast framlag frá sveitarfélögum.

Sambandið vill taka skýrt fram að það styður þá nálgun er kemur fram í stefnunni og í lagafrumvarpinu. Þ.e.a.s. að ef einstaklingur er með SIS-A mat og sveitarfélag er að fá greitt frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að þjónusta þann einstakling þá fylgi þeir fjármunir einstaklingnum til að standa undir batamiðaðri þjónustu í öryggisgæslu sem Öryggisþjónusta ríkisins mun bera ábyrgð á. Sambandið styður hins vegar ekki að greiða eigi sérstakt fast framlag líkt og gefið er í skyn í kortlagning – greining – kostir.

Sambandið vill einnig áréttta að upp geta komið aðstæður þar sem einstaklingur er ekki með SIS-A mat og því er ekki um að ræða neitt SIS-A framlag frá jöfnunarsjóði til sveitarfélaga. Sambandið leggur því til eftirfarandi breytingar:

Í II. kafla Stefna og áætlun, bls. 6 verði bætt við skáletruðum og undirstrikuðum texta

Ábyrgð á kostnaði við þennan þjónustubátt:

a. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir svokallað SIS-A framlag með hverjum og einum einstaklingi sem hefur fengið SIS-A mat og framlag hefði annars verið greitt til lögheimilissveitarfélags.

Í 2. mgr. 72. gr. kostnaður vegna öryggisráðstafana, í frumvarpi um öryggisráðstafanir og öryggisvistun verði bætt við skáletruðum og undirrituðum texta:

Kostnaðarskipting aðila vegna öryggisgæslu er með þeim hætti að lögheimilissveitarfélag greiðir ígildi SIS-framlags sé SIS-A mat til staðar en ríkissjóður greiðir umframkostnað sem til fellur. Greiðslur skulu gerðar upp árlega.

c. Breyting á lögræðislögum og hugsanlega öðrum lögum

Fram kemur bæði í drögum að stefnu og drögum að frumvarpi að mikilvægt sé að breyta lögræðislögum og hugsanlega öðrum lögum svo hægt sé að dæma einstakling sem hefur notið þjónustu sveitarfélags á grundvelli laga nr. 38/2018 um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir til öryggisvistunar á grundvelli lagaheimildar. Hér er átt við aðstæður þar sem einstaklingur er talinn hættulegur sér og/eða öðrum en hefur ekki hlotið dóm á grundvelli almennra hegningarlaga og almenn úrræði hjá sveitarfélögum eru ekki fullnægjandi til að tryggja öryggi viðkomandi og/eða annarra. Sambandið leggur höfuðáherslu á að vinna við umrædda lagabreytingu hefjist strax því það er ekki síður mikilvægt að búa til tryggt lagaumhverfi í þessum málum líkt og í málum þar sem dæmt er á grundvelli almennra hegningarlaga. Í markmið/aðgerðaáætlun 2022-2026 er ekki sérstaklega vikið af þessari lagabreytingu en líklega fellur hún undir verkefni d: Endurskoðun annarra laga í kafla 3, Aðgerðaflokkur: Lög um öryggisþjónustu á Íslandi.

Sambandið leggur til að aðgerðaáætlun varðandi þetta mál verði hnitmiðaðri og að verkefni d verði svohljóðandi:

Verkefni d:	Endurskoðun lögræðislaga sem og annarra laga.
Ábyrgð:	Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið í samráði við dómsmálaráðuneytið
Tímarammi:	1. desember 2022

II. Ábendingar varðandi Öryggisþjónusta – kortlagning, greining og stefna

a. Einstaklingur með stuðningsþarfir í þjónustu á vettvangi sveitarfélaga

Gengið er út frá því að einstaklingar geti í grunninn komið til dvalar hjá Öryggisþjónustu ríkisins á þrennan hátt:

1. Einstaklingur er dæmdur til tímabundinnar dvalar á grundvelli heilsufarslegrar stöðu í ítrustu öryggisgæslu á réttargeðdeild á grundvelli VII. Kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.
2. Einstaklingur er dæmdur til dvalar í öryggisgæslu þar sem boðið er upp á batamiðaða samþætta þjónustu þar sem dómskerfið, heilbrigðisþjónustan og almenn og sérhæfð félagsþjónusta koma að málum.
3. Einstaklingur sem hefur notið þjónustu sveitarfélags á grundvelli laga nr. 38/2018, um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir,

er dæmdur til öryggisvistunar á grundvelli lögræðislaga, nr. 71/1997 eða annarra laga.

Sambandið gerir ekki athugasemd við þessa flokkun en vill vekja athygli á því að umfjöllun um hóp 3 er ábótavant, sérstaklega í stefnu og áætlun sem er sú framtíðarsýn er á að marka vinnu ríkis og sveitarfélaga til framtíðar í þessum málaflokki. Á bls. 6 er fjallað um skiptingu kostnaðar en sú umfjöllun gerir ráð fyrir því að viðkomandi sé í þjónustu hjá sveitarfélagi og að sveitarfélag fái faglega eftirfylgni/stuðning í allt að sex mánuði. Hér vantar þó alla umfjöllun um kostnaðarskiptingu þegar sveitarfélag hefur fengið einstakling dæmdan í öryggisvistun hjá Öryggisþjónustu ríkisins á grundvelli væntanlegra breytinga á lögræðislögum en þá eru komnar upp aðstæður þar sem þjónustan færist yfir til ríkisins. Sambandið leggur til að hér, líkt og í öðrum málum, þá fylgi SIS-A framlagið einstaklingnum til Öryggisþjónustu ríkisins. Ætla má að slík kostnaðarskipting endurspegli ábyrgðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þ.e.a.s. SIS-A framlag standi undir almennum kostnaði Öryggisþjónustunnar en annar kostnaður er greiddur af ríkinu þar sem ríkið ber ábyrgð á öryggisþætti þjónustunnar. Einnig þarf að bæta úr umfjöllun um sama markhóp á bls. 13-14 í stefnu og áætlun.

Sambandið er ekki með beinar tillögur að breytingu á þessari umfjöllun en óskar eftir samráði við ráðuneytið við að gera texta um þennan markhóp ítarlegri svo stefnan marki einnig stefnu um þennan hóp sem nýtist í komandi vinnu við breytingu á öðrum lögum.

b. Skilgreining markhópa, bls. 16 í kortlagning – greining - kostir

Athygli vekur að sérstaklega er fjallað um stöðu einstaklinga með alvarlegan hegðunarvanda vegna framheilaskaða í skilgreiningu á markhópum. Sambandið vill hvetja til þess að meginsýn vinnunnar um batanálgun sé höfð að leiðarljósi en ekki sé horft til sérstakra skilgreindra sjúkdóma og þeir teknir sérstaklega fyrir.

Ábendingar varðandi Öryggisþjónusta – frumvarp um öryggisráðstafanir og öryggisvistun

a. Mat á áhrifum

Vakin er athygli á því að í frumvarpinu er ekki lagt fram mat á áhrifum en samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga skal, ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög, fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Skal slíkt mat vera lagt fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar. Er hér með óskað eftir því að ráðuneytið framkvæmi umrætt mat og leggi fyrir sambandið til umsagnar.

Einnig vekur athygli að í frumvarpsdrögum kemur ekki fram mat á áhrifum á ríkissjóð en mikilvægt er væntanleg stofnun, Öryggisþjónusta ríkisins, fái nægt fjármagn frá upphafi til að innleiða breytingar á þessum málaflokki og þjónusta þá einstaklinga sem nú þegar eru til staðar í þjónustu sem fellur undir þennan málaflokk.

Að lokum

Sambandið telur að mikil og góð vinna hafi átt sér stað við gerð þessarar stefnu og frumvarpsins og vonar að það verði tekið jákvætt í breytingartillögur sambandsins. Sambandið óskar eftir því að fá að fylgja eftir umsögn þessari á fundi með ráðuneytinu.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri